

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 6-2015

Tími: Þriðjudagur 12. maí 2015, kl. 13:00, Fundarsalur Akur, Hvanneyri.

Mætt: Björn Þorsteinsson rektor og Helena Guttormsdóttir. Guðni Þorvaldsson, Þórdís Þórarinsdóttir og Hilmar Janusson voru í fjarfundi. Bjarni Stefánsson boðaði forföll. Sigríður Hallgrímsdóttir var fjarverandi. Áslaug Helgadóttir, aðstoðarrektor, ritaði fundargerð.

### 1. Nefnd mennta- og menningarmálaráðherra um samstarf 3ja skóla í NV kjördæmi.

Rektor kynnti stöðu mála um samstarf 3ja skóla í NV kjördæmi. Hann rakti framkomnar tillögur formanna nefndarinnar og viðbrögð rektora Lbhí og Háskólans á Hólum við þeim.

Háskólaráðið hrósar rektor fyrir ígrundaða og einlæga framsetningu á viðfangsefninu. Framkomnar hugmyndir formanna nefndarinnar eru óraunhæfar og ráðið styður mat rektoranna tveggja í einu og öllu.

Háskólaráðið styður að rektor upplýsi starfsmenn með sama hætti og hann hefur gert gagnvart ráðinu.

### Bókun:

Á fundi sínum þann 12. maí kynnti rektor háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands tillögur formanna nefndar til þess að skoða fjárhagslegan og faglegan ávinning af sameiningu Lbhí, Háskólans á Hólum og Háskólans á Bifröst sem lagðar voru fram á fundi í mennta- og menningarmálaráðuneytinu þann 8. maí s.l.

Ráðið styður að fullu viðhorf og viðbrögð rektora Lbhí og HH við tillögum nefndarinnar eins og þau voru kynnt fyrir ráðinu og telur að kröfur rektoranna séu vel ígrundaðar og réttmætar. Ráðið hvetur nefndina til þess að taka tillit til þeirra svo unnt sé að tryggja fagleg vinnubrögð og gæði í þeim flóknu verkum sem fyrir liggja.

Verði sjónarmiða rektoranna ekki gætt að fullu er mikil hætta á að verkefnið snúist upp í andstæðu sína og verði skólunum til stórfellds tjóns í stað þess að verða sú lyftistöng sem það gæti orðið með vönduðum vinnubrögðum.

### 2. Rekstraráætlun 2015

Fulltrúar yfirstjórnar fóru á fund starfsmanna mennta- og menningamálaráðuneytisins s.l. föstudag og gerðu þar sérstaka grein fyrir málefnum sem snerta Grímshaga. Uppgjör á félaginu og breyting á búrekstrinum mun kosta skólann umtalsverðar fjárhæðir sem getur haft áhrif á rekstraráætlun ársins.

Háskólaráð gerði ekki athugasemdir við framlagt minnisblað.

### 3. Önnur mál

Í tengslum við gerð stofnanasamnings við Félag prófessora í ríkisháskólum þarf að leggja fram tvo reglugerðarbálka fyrir háskólaráð til samþykktar á næsta fundi ráðsins, annars vegar um kennsluafslátt og hins vegar um rannsóknaleyfi. Verður sent út í tæka tíð fyrir fund.

### 4. Næsti fundur

Föstudaginn 29. maí kl. 10-12.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:05.